

Fréttabréf verði fastur liður

Til þess að efla upplýsingastreymi til félagsmanna í Kaupfélagi Eyfirðinga og annarra um starfsemi félagsins mun KEA eftirleiðis senda frá sér fréttabréf nokkrum sinnum á ári þar sem greint verður frá ýmsu sem félagið er að fást við hverju sinni og/eða kemur að með einum eða öðrum hætti.

„Við lítum á það sem skyldu okkar að upplýsa fólk á félagssvæðinu sem best um það í hvaða farvegi starfsemi félagsins er. Jafnframt vonumst við til þess að þessi upplýsingagiöf verði til þess að fólk bregðist við því sem félagið er að gera og láti starfsmenn og stjórn félagsins vita af því sem þeir telja bæði jákvætt og neikvætt við starfsemina. Með því móti fáum við skilaboð frá fólki sem myndu hjálpa okkur til að láta félagið og fjármuni þess vinna í þágu þeirra sem búa á félagssvæði KEA,“ segir Benedikt Sigurðarson, stjórnarformaður KEA.



Þorrastillur við Eyjafjörð

Það stefndi í venjulegan vetur á Norðurlandi með drjúgt miklum snjó. En þegar líða tók á janúar brá svo við að hlýir suðlægir vindar gripu í taumana og á nokkrum dögum var snjór meira og minna á bak og burt á láglandi. Þessi mynd var tekin undir lok janúar á Svalbarðsströnd, í vestur yfir Eyjafjörð. Í forgrunni er Mógil og Svalbarðseyri.

Undirbúningsfélag stofnað vegna hugsanlegs nýs norðurvegur um Stórasand:

KEA með þriðjung hlutafjár í undirbúningsfélagi

Þann 4. febrúar sl. var stofnað undirbúningsfélag vegna hugsanlegrar lagningar nýs akvegur frá suðvesturhorninu norður í land - um Stórasand. Þetta er einkahlutfélag, sem KEA lagði til fimm milljónir króna. Akureyrarbær lagði félaginu til þrjár milljónir og einnig koma að því nokkur fyrirtæki í verslun og iðnaði.

Markmiðið með stofnun þessa félags er að stuðla að því að unnar verði nauðsynlegar athuganir á byggingarkostnaði og rekstrarkostnaði og gerð umferðarspá, metin arðsemi vegarins frá sjónarhóli vegfarenda, fjárfesta og þjóðarinnar í heild, gerðar athuganir á veðurfari, umhverfisþáttum o.fl. Einnig er félaginu ætlað að kynna málið fyrir alþingismönnum, sveitarstjórnnum, hagsmunaaðilum og almenningi og að vinna í samvinnu við samgönguyfirvöld að því að lagning vegarins

verði að veruleika og að kanna fjármögnun framkvæmdarinnar og innheimtu hugsanlegs veggjalds til þess að endurgreiða hluta framkvæmdakostnaðarins með eðlilegri ávöxtun. Stjórn félagsins skipa Andri Teitsson, sem er formaður, Jóhannes Jónsson og Eiður Gunnlaugsson.

„Tólf milljóna króna hlutafé nægir okkur í byrjun til þess að fara af stað með kostnaðar- og arðsemisathugun og að kynna málið,“ segir Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, og bætur við að nú þegar séu hafnar veðurfarsrannsóknir þar sem hugsanlegur nýr norðurvegur myndi liggja.

„Ef af verður styttest leiðin milli Reykjavíkur og Akureyrar um 80 kílómetra. Ávinningurinn af þessari styttingu er mikill, t.d. hvað varðar flutningskostnað á vörum. Varðandi lífsgæði fólks hér á svæðinu er

augljóslega mikill akkur af því að stytta leiðina til höfuðborgarsvæðisins og ekki má gleyma því að stytting leiðarinnar myndi stýðja ferðaþjónustuna hér á svæðinu á ýmsan hátt,“ segir Andri og er vongóður um að af þessari samgöngubót verði innan nokkurra ára og þá yrði hluti framkvæmdarinnar unninn af einkaaðilum og fjármagnaður með veggjöldum. „Ég er mjög bjartsýnn á að í þetta verkefni verði ráðist. Ávinningurinn er augljós og byltingarkenndur - 80 kílómetra stytting á þessari fjölförnu leið. Heildarkostnaður - 5,5 milljarðar króna, er ekki verulegur miðað við ávinninginn og miðað við kostnað við ýmis önnur samgönguverkefni,“ segir Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA.

Fjölþætt stefnumótunarvinna í gangi

- segir Benedikt Sigurðarson, formaður stjórnar KEA

Á deildafundum og aðalfundi KEA svf. í vor er gert ráð fyrir að leggja fram tillögur að breytingum á nokkrum þáttum í stefnu og starfsemi félagsins. Þessar tillögur verða afrakstur ítarlegarar stefnumótunarvinnu stjórnar KEA og fulltrúaráðs félagsins, sem nú þegar er hafin og verður fram haldið á næstu vikum.

„Þessi vinna beinist að ýmsum þáttum,“ segir Benedikt Sigurðarson, formaður stjórnar KEA. „Í fyrsta lagi hvert hlutverk KEA á að vera í fjárfestingum, sem frumkvæðisaðili, meðfjárfestir eða samstarfsaðili opinberra aðila, t.d. um útvistun verkefna eða flutning stofnana og fyrirtækja. Í öðru lagi snýr þessi stefnumótunarumræða að þjónustu félagsins við félagsmenn, sem hefur verið gefið fyrirheit um í gegnum viðskiptakjör og samninga við verslunar- og þjónustufyrirtæki. Þessi vinna er í gangi og ég vænti þess að hún feli í sér endurnýjaða áherslu á viðskipta- eða félagsmannakort, sem yrði tengt almennu greiðslukorti. Í þriðja lagi höfum við verið að ræða um ímyndarmál KEA, þ.e. hvernig félagið birtist sínum félagsmönnum og almenningi á félagsvæðinu og hvernig það kynnir sín málefni. Í því skyni verður á næstunni framkvæmd könnun á félagsvæðinu á viðhorfi fólks til KEA, þar sem m.a. verður kallað eftir hugmyndum fólks um hvernig fólk vill sjá félagið koma að málum eða beita sér.“

Skipulag félagsins

„Einnig hefur stjórn KEA rætt um mögulegar breytingar á skipulagi félagsins. Við erum með deildaskipt félag sem byggir á fulltrúalýðræði. Hugsanlega þarf með einhverjum hætti að breyta því fyrirkomulagi og stytta boðleiðir milli stjórnar og félagsmanna. Stjórn KEA hefur farið í gegnum þessa stefnumótunarumræðu á nokkrum fundum með starfsmönnum félagsins og síðan verður umræðan útvíkkuð með því að kalla fulltrúaráð, sem í sitja stjórnir félagsdeilda KEA, til samráðs á tveimur fundum í febrúar og mars. Í kjölfarið mun stjórn félagsins væntanlega komast að niðurstöðu um hvort settar verði fram tillögur um skipulagsbreytingar á félaginu,“ segir Benedikt.

Ákveðnara frumkvæði

Hann segist telja að einhverjar breytingar verði á stefnumótun félagsins frá því sem nú sé, t.d. varðandi fjárfestingastefnu, og jafnframt verði mótuð sú stefna að KEA verði ákveðnari frumkvæðisaðili í einstökum verkefnum. „Við höfum þó sýnt mjög ákveðið frumkvæði í stórum verkefnum. Þar vil ég nefna aðkomu félagsins að



Benedikt Sigurðarson, formaður stjórnar KEA.

Norðlenska og Vaðlaheiðargöngum, en þar lagði KEA fram fjármuni til rannsókna og hefur lýst vilja til að leggja allt að hundrað milljónir króna í framkvæmdafélag vegna ganganna.“

Vaxtarsamningur um Eyjafjarðarsvæðið

Benedikt segir að KEA hafi einnig lýst mjög ákveðið vilja félagsins til að taka þátt í fjármögnun verkefna í samstarfi við opinbera aðila, í tengslum við Vaxtarsamning um Eyjafjarðarsvæðið. „Vinna að þessum samningi er að komast í fullan gang og á næstunni verða ráðnir verkefnastjórnar fyrir hvern klasa verkefnisins, sem eru matvælaklasi, ferðapjónustuklasi, heilsuklasi og mennta- og rannsóknaklasi. KEA hefur skuldbundið sig til þess að leggja fé til einstakra verkefna innan þessara klasa, en það kallar einnig á það að ríki og sveitarfélög hér á svæðinu séu tilbúin að taka á verkefninu í formi beinna stuðningsaðgerða til þess að skapa þær aðstæður sem þessi vaxtarsamningur gefur væntingar um.“

Atvinnulíf og daglegt líf fólks

Benedikt segir að vissulega sé KEA nú þegar aðili að mörgum stórum verkefnum sem tengist áður nefndum klösum. Nefna megi samstarf við Háskólann á Akureyri, m.a. í gegnum Háskólasjóð KEA, aðild að

stórum samgönguverkefnum, bæði Norðurvegi og Vaðlaheiðargöngum og ferðaþjónustu- og heilsuverkefnum, t.d. Jarðböðunum í Mývatnssveit. „KEA hefur einnig lagt sitt lóð á vogarskálarnar í samstarfi við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri um könnun á mögulegu beinu flugi milli Akureyrar og áfangastaða í Evrópu og sú vinna er í fullum gangi. Við tengjumst líka fjarskiptaverkefnum, m.a. í gegnum aðkomu okkar að fyrirtækinu Þekkingu.

KEA er almannafélag sem við tengjum við byggðafestu og ég tel mikilvægt að það beiti sér í atvinnulífinu á svæðinu og ekki síður að því er snýr að daglegu lífi og lífsgæðum fólks. Ég spái því að í framtíðinni sé brýnt að leggja í auknum mæli áherslu á afþreyingu fyrir alla fjölskylduna og þar tel ég að KEA gæti komið að málum. Það er til dæmis mín skoðun að það myndi styrkja búsetu á Akureyri og í Eyjafirði ef þar væri komið á fót einkonar fjölskyldu- og húsdýragarði og sundlaugargarði undir þaki, sem væri aðgengilegur fólki árið um kring og gæti því orðið sérstaklega áhugaverður áningarstaður ferðamanna og einnig íbúa á svæðinu, til dæmis þegar veður kemur í veg fyrir að fólk geti nýtt sér aðstöðu á skíðasvæðum og ánægju af annarri útvist,“ segir Benedikt Sigurðarson, stjórnarformaður KEA.

Norðlenska á réttri leið

Í ágúst 2003 keypti Kaupfélag Eyfirðinga svf. því sem næst öll hlutabréf í kjötvinnslufyrirtækinu Norðlenska og síðan hefur markvisst verið unnið að því að bæta rekstur fyrirtækisins, jafnframt því að færa það smám saman í hendur framleiðenda, sem eiga aðild að Búsæld, félagi bænda í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og á Austurlandi. Um áramót átti KEA um 43% hlut í Norðlenska en Búsæld 37%. Aðrir eigendur félagsins eru Akureyrarbær, Húsavíkurbær og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar.



Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir að hinar nýju flæðilínur í kjötvinnslum félagsins á Húsavík og Akureyri, sem voru þróaðar í samstarfi við Marel hf., hafi skilað miklum og góðum árangri.

Á síðari hluta ársins 2003 og á árinu 2004 fór rekstur Norðlenska stígbatnandi og segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, að endanlegar rekstrartölur fyrir síðasta ár liggi ekki fyrir, en ljóst sé að reksturinn hafi farið mjög batnandi og sé kominn í jafnvægi. „Afkoman af rekstrinum á síðasta ári er vel viðunandi og ljóst er að veruleg fjármunamyndun er í fyrirtækinu, sem vissulega er mjög jákvætt,“ segir Sigmundur.

Aðkoma KEA að Norðlenska síðasta hálfrið árið er stærsta einstaka verkefnið sem KEA hefur unnið að síðustu mánuði. Sigmundur segir að í sínum huga hafi sú aðferðafræði sem menn lögðu upp með við kaup KEA á hlutabréfum í Norðlenska og stuðningur KEA við framleiðendur við að eignast hlut í Norðlenska í gegnum Búsæld gengið mjög vel. Sigmundur telur raunhæft að innan fimm ára eigi Búsæld meirihluta hlutfjár í Norðlenska og með tíð og tíma verði félagið alfarið í eigu framleiðenda. „Hér er farin ekki ósvipuð leið og með Norður-mjólk. Þessi tvö afurðasöluvirkni eru smám saman að færa sig í hendur framleiðenda sem eiga viðskipti við fyrirtækin. Þetta er að mínu mati góð og árangursrík aðferð. Nú þegar eiga um fimm hundruð bændur hlut í Norðlenska í gegnum Búsæld, á svæðinu frá Borgarfirði í vestri til Hafnar í Hornafirði í austri, sem mér finnst afar ánægjulegt og að mínu mati sýnir það trú þeirra og traust til fyrirtækisins,“ segir Sigmundur.

Sauðfjárslátrun Norðlenska hefur aldrei verið eins mikil og á síðasta ári þegar kjötmagnið nam um 1740 tonnum. Auk sauðfjárslátrunar á Húsavík tók Norðlenska að sér rekstur sláturhúss á Höfn í Hornafirði sl. haust. Aðkoma Norðlenska að slátrun þar bar mjög brátt að er fyrirsjáanlegt var að Sláturfélagið Búi gæti

ekki fjármagnað afurðalán og því ekki tryggt greiðslur til bænda. Stjórn Sláturfélagsins Búa fór þá þess á leit við Norðlenska að taka að sér slátrun á Höfn og tók Norðlenska vel í þá beiðni og hóf slátrun þar einungis fjórum dögum eftir beiðnina. Sigmundur segir að sú slátrun hafi gengið mjög vel og samstarf við bændur verið gott og ekki sé annað sjáanlegt í stöðunni en að framhald verði þar á. Fjórir starfsmenn eru nú á vegum Norðlenska í heilsársstörfum á Hornafirði.

„Einn af þeim þáttum sem skýrir betri afkomu hjá Norðlenska er sú byltingarkennda breyting sem við höfum farið í með uppsetningu flæðilína, bæði í kjötvinnslu okkar á Húsavík og á Akureyri. Þessar línur hafa skilað markvissari vinnubrögðum, mun meiri afköstum og á allan hátt meira og betra flæði í gegnum húsin. Einnig hafa þessar úrbeiningarlínur tvímælalaust verið að skila okkur enn meiri vörugæðum,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson.



Stjórn og fulltrúaráð KEA á fundi á Akureyri í nóvember sl.

Deildarfundir og aðalfundir í apríl

Aðalfundur KEA verður haldinn á Akureyri laugardaginn 30. apríl og er gert ráð fyrir að hann hefjist kl. 10 árdegis og ljúki um klukkan tvö. Dagskrá aðalfundarins verður kynnt þegar nær dregur.

Í aðdraganda aðalfundar verða haldnir deildarfundir í öllum fimm deildum KEA, sem eru Akureyrardeild, Út-Eyjafjarðardeild, Vestur-Eyjafjarðardeild, Austur-Eyjafjarðardeild og Þingeyjardeild. Deildarfundirnir verða haldnir frá 30. mars til 7. apríl. Dagsetning þeirra og dagskrá verður kynnt síðar.

Á deildarfundunum verða m.a. kynntar tillögur að nýrri stefnumótun félagsins, sem stjórn þess og fulltrúaráð hafa verið að vinna að og munu vinna frekar að á næstu vikum. Þannig hafa verið ákveðnir sameiginlegir fundir stjórnar og fulltrúaráðs KEA dagana 9. febrúar og 16. mars nk. þar sem stefnumótun félagsins verður fundarefnið.

Nýir starfsmenn

Undir lok síðasta árs voru tveir nýir starfsmenn ráðnir til starfa hjá Kaupfélagi Eyfirðinga svf. - annars vegar Halldór Jóhannsson, fjárfestingarstjóri, og hins vegar Ásta Guðný Kristjánsdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra. Bæði voru þau áður starfsmenn Kaldbaks fjárfestingafélags.

Haldór Jóhannsson er viðskiptafræðingur af endurskoðunarviði Háskóla Íslands. Hann starfaði hjá Landsbanka Íslands um fimm ára skeið við fjármögnun, fjárfestingar og samrunaráðgjöf. Var aðstoðarkaupfélagsstjóri KEA 2001 og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri Kaldbaks. Haldór hefur setið í stjórnnum fjölda fyrirtækja og m.a. verið stjórnarformaður Lyfja og heilsu hf. og Samkaupa hf.

Ásta Guðný Kristjánsdóttir útskrifaðist af lækningarbraut Ármúlaskóla árið 1999.

Ásta Guðný var aðstoðarmaður framkvæmdastjóra Kaldbaks. Áður starfaði hún um nokkurra ára skeið á barnadeild FSA.



KEA hefur mikið bolmagn

- segir Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA svf.

Það má segja að í september 2004 hafi orðið ákveðin kaflaskil í starfsemi Kaupfélags Eyfirðinga - samvinnufélags þegar það seldi allan eignarhlut sinn í Kaldbaki fjárfestingafélagi, sem var sett á stofn árið 2002 um eignarhluta KEA í fjölmörgum fyrirtækjum. Söluverð bréfanna nam rösku um 3,7 milljörðum króna.

„Í rúmt ár var gengi hlutabréfa í Kaldbaki búið að hækka jafnt og þétt. Í september sl. seldi KEA öll bréf sín í Kaldbaki og fékk sem greiðslu 10% eignarhlut í Samherja, samtals röska tvo milljarða króna, auk rúmlega 1700 milljóna króna í peningum,“ segir Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA svf.

Andri segir að sú ákvörðun að losa þessa miklu fjármuni í Kaldbaki hafi falið í sér tilfærslu fjármagns í verkefni sem hefðu sterkari skírskotun á félagssvæði KEA. „Annars vegar með því að kaupa 10% hlutfjár í Samherja hf. og hins vegar að setja þá í önnur staðbundin verkefni. Meðal annars hefur KEA gefið vilyrði fyrir háum fjárhæðum í verkefni sem tengjast vaxtarsamningi fyrir Eyjafjarðarsvæðið,“ segir Andri.

Um tveir milljarðar króna í Samherja

Andri segir að síðan að KEA keypti stóran hlut í Samherja hafi gengi bréfa í því félagi gefið eilítið eftir, en á hinn bóginn hafi aðrir fjármunir félagsins ávaxtað sig ágætlega. „Samkvæmt uppgjöri sem var gert eftir fyrstu níu mánuði síðasta árs var hrein eign KEA þá um 4,2 milljarðar króna. Það er rétt að hafa í huga að félagið skuldar mjög lítið þannig að það gæti hæglega tekið tveggja milljarða króna lán í banka út á sinn efnahagslega styrk og átt þá tæplega fjóra milljarða í peningum til ráðstöfunar í verkefni en ekki 1700 milljónir. Bolmagn félagsins er því gríðarlega mikið.“

Eins og að framan greinir er stærstur hluti eigna KEA bundinn í hlutabréfum í Samherja. Hvernig sér Andri þá eign þróast?

„Það er eitt af því sem kemur beint eða óbeint inn í stefnumótunarumræðu innan félagsins. Þar er fjárfestingarstefna meðal annars uppi á borðinu, þ.e. hversu háar fjárhæðir félagið eigi að binda í einstaka fyrirtækjum eða atvinnugreinum. En almennt séð var markmiðið með kaupum á bréfum í Samherja hf. að treysta eignarhald á því félagi hér á svæðinu og fá árlaga arðgreiðslu af þeirri fjárfestingu svo og væntingar um að þegar bréfin yrðu seld myndast hagnaður af þeirri sölu. Það hefur ekki verið ákveðið hvort og þá

hvenær bréfin í Samherja verði seld. Ef hins vegar koma upp önnur áhugaverð verkefni hér í héraðinu þar sem not yrðu fyrir þessa fjármuni og menn teldu að eignarhaldið á Samherja veiktist ekki ef KEA létti einhverju af sínum hlut í félaginu, þá kæmi það til greina. Það hefur verið nefndur sá möguleiki að KEA og Samherji tækju höndum saman um nýja atvinnusköpun hér á svæðinu, sem væri þá á því sviði þar sem Samherji hefði fagþekkingu.“

Ýmis fjárfestingaverkefni til skoðunar

Andri Teitsson segir að hjá KEA sé unnið að ýmsum fjárfestingaverkefnum. Hann nefnir sem dæmi að félagið hafi sýnt áhuga á að leggja fé í Norðurskel í Hrúsey og Halíotis á Hauganesi. Í báðum tilvikum hafi mikil vinna verið lögð í að koma saman hluthafahópi og skapa forsendur fyrir fjárfestingu. „Síðan höfum við fylgst vel með umræðu um stóriðjumálin, sem raunar eru ekki beint inni á okkar borði. Við höfum hins vegar lýst vilja til þess að koma að þeim málum, ef þörf yrði fyrir - annað hvort með lánsfé eða hlutfé.“

Andri segir að ekki sé skortur á fjárfestingahugmyndum, sem berist inn á borð KEA, en flestar eigi þær það sammerkt að fela í sér mikla áhættu. „Þeir sem hins vegar ráða yfir fjármagni eru að leita að traustum og raunhæfum verkefnum, sem lágmarka áhættu.“

Jákvæðara viðhorf til KEA

Andri kom til starfa hjá KEA á vordögum 2003. Frá þeim tíma segist hann skynja að viðhorf fólks á félagssvæðinu hafi orðið jákvæðara í garð félagsins. „Fyrir tæpum tveimur árum, þegar ég kom til starfa, heyrði maður fólk oft kasta fram þeirri fullyrðingu að KEA væri dautt félag. Ég hef lítið orðið var við þetta viðhorf í seinni tíð. Ég held að fólk sé farið að átta sig betur á því hvað er gert þegar gamla KEA var klofið upp í annars vegar samvinnufélag og hins vegar fjárfestingarfélagið Kaldbak. Þegar upp er staðið eru til reiðu miklir fjármunir hjá KEA til góðra verka. KEA fór mjög varlega af stað í sínu nýja hlutverki og í því sambandi má ekki gleyma að þá héldu menn að félagið hefði úr tveimur milljörðum að spila, en vegna góðs gengis Kaldbaks eru þeir nú hins vegar fjórir. Þessi staða gefur KEA auknið sjálfstraust og aukinn kraft. KEA hefur lýst vilja sínum til þess að leggja háar fjárhæðir í ákveðin verkefni tengd vaxtarsamningi um Eyjafjarðarsvæðið og sömu-

leiðis hefur félagið lýst því yfir að það sé tilbúið að leggja hundrað milljónir króna í framkvæmdafélag um Vaðlaheiðargöng. Það er mín tilfinning að vilji KEA til að takast á við slík stórverkefni auki tiltrú fólks á félaginu,“ sagði Andri og bætti við að hann teldi alveg koma til greina að félagið legði háar fjárhæðir, t.d. allt að fimm hundruð milljónir króna, í einstaka verkefni, t.d. samgönguverkefni, ef sýnt væri að þau skiluðu augljósum ávinningi fyrir félagssvæðið. „Við höfum hins vegar ekki talið réttlætianlegt að KEA legði svo háar fjárhæðir í svokölluð sprotaverkefni, sem fela í sér mikla áhættu. KEA var t.d. ekki tilbúið að leggja mikla fjármuni í kísilduftverksmiðju í Mývatnssveit vegna þess að við töldum það verkefni mjög áhættusamt.“

Vel heppnuð endurreisn Norðlenska

Andri segir því ekki að leyndu að á síðustu misserum hafi KEA varið töluvert af kröftum sínum í ákveðnar varnaraðgerðir. „Þetta á við um endurreisn Norðlenska, sem KEA kom inn í af fullum þunga árið 2003. Fyrir hálfu öðru ári rambaði Norðlenska á barmi gjaldþrots, en það hefur tekist að snúa blaðinu við og rekstur Norðlenska er nú smám saman að komast í jafnvægi. Að mínu mati er þetta dæmi um stórt verkefni af hálfu KEA sem tókst mjög vel. Þetta var varnaraðgerð þar sem tókst að verja fjölmörg mikilvæg störf á Akureyri og Húsavík og því ber sannarlega að fagna. Það er hins vegar okkar von að KEA geti að sama skapi lagt sín lóð á vogarskálarnar með fjölgun starfa hér á svæðinu með því að stuðla að uppbyggingu nýrra atvinnufyrirtækja. Þar gæti KEA bæði haft frumkvæði að því að fá ný atvinnufyrirtæki inn á svæðið, eða með því að styðja fjárhagslega við bakið á fyrirtækjum á svæðinu sem vildu auka við starfsemi sína og fjölga atvinnutækifærum.“

Við höfum líka viljað leggja töluverða vinnu í að skoða mögulegan flutning opinberra starfa hingað frá höfuðborgarsvæðinu. Það viljum við gera undir þeim formerkjum að ekki væri verið að biðja ríkið um ölmusu, heldur miklu fremur að geta sýnt fram á að það gæti verið betra og hagkvæmara að reka viðkomandi starfsemi hér, hugsanlega vegna mögulegra tengsla við heilbrigðisþjónustu hér á svæðinu, matvælaframleiðslu, sjávarútveg o.fl. Einnig á þeim forsendum að hér sé ódýrara húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu, stöðugra vinnuafli o.s.frv.“



Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA svf.

Greið leið ehf. - undirbúningsfélag fyrir Vaðlaheiðargöng:

Unnið að jarðfræðirannsóknnum

Á vegum Greiðrar leiðar ehf., undirbúningsfélags vegna jarðganga undir Vaðlaheiði, er nú unnið að jarðfræðirannsóknnum vegna Vaðlaheiðarganga og er við það miðað að í vor verði lokið við áfangaskýrslu um þær. Það er Ágúst Guðmundsson frá Jarðfræðistofunni ehf. sem vinnur að rannsóknunum.

Stjórn KEA samþykkti í apríl í fyrra að leggja Greiðri leið ehf. til alls að fimm milljónir króna til þess að vinna að undirbúningsrannsóknnum vegna ganganna. Líklegast er að gangamunnarnir verði vestan megin upp af Halllandsnesi og austan megin skammt frá Skógum (gamla Vaðlaheiðarveginum) og heildarlengd

ganganna verði um sjö kílómetrar. Velja þarf heppilegustu veglínuna, sem bæði taki mið af jarðlögum og tengingu við vegakerfið beggja vegna Vaðlaheiðar.

Að fenginni áfangaskýrslu Jarðfræðistofunnar ehf. í vor þarf að ráðast í rannsóknaboranir á því svæði þar sem álitlegast þyki að göngin liggi. Stefnt er að því að þær boranir geti hafist næsta sumar.

Auk þeirra fimm milljóna sem KEA hefur tryggt í nauðsynlegar rannsóknir vegna jarðganganna samþykkti stjórn félagsins í júní á síðasta ári að kalla eftir stofnun framkvæmdafélags um Vaðlaheiðargöng og lýsti vilja til þess að tryggja því allt að 100 milljónir króna til félagsins.

Vinna í þágu félagsmanna

Með ráðningu nýrra starfsmanna undir lok síðasta árs, Halldórs Jóhannssonar, og Ástu Guðnýjar Kristjánsdóttur, segir Andri að félagið hafi nú mun meiri slagkraft til þess að vinna markvisst að verkefnum - bæði að fara ofan í saumana á fjárfestingaverkefnum sem félagið fái inn á sitt borð og einnig að sækja sér áhugaverð verkefni. „En síðan stendur hugur okkar til þess að leggja meiri áherslu á þjónustu við félagsmenn og vinna í þeirra þágu. Við höfum nú sett endurnýjaðan kraft í að skoða alla möguleika á að afla félagsmönnum betri viðskiptakjara. Stjórn félagsins hefur lýst vilja til þess að setja töluverða fjármuni í að leita leiða til þess að ná þessu markmiði. Að þessu munum við markvisst vinna á næstu vikum og mánuðum.“

Bændur eignist afurðasölufyrirtækin

KEA á 13% í Norðurmjólk, en KS hefur lýst því yfir að félagið hyggt nýta sér kauprétt á þeim hlut. Einnig hefur KEA lánað mjólkurframleiðendum fjármuni í gegnum framleiðendafélagið Auðhumlu til þess að eignast ráðandi hlut í Norðurmjólk.

Andri Teitsson kveðst ágætlega sáttur við hvernig KEA hafi stutt við bændur á félagssvæðinu til þess að eignast ráðandi hlut í Norðurmjólk og Norðlenska, enda sé það farsæl leið að bændurnir ráði sem mestu um rekstur þessara fyrirtækja. Í dæmi Norðlenska eiga tæplega 500 framleiðendur á Norður- og Austurlandi nú stóran hlut í félaginu og stefnan er sú að innan fárra ára verði félagið að fullu orðið í eigu bænda.

Andri segir að vissulega geti það ruglað fólk í ríminu að bæði Norðlenska og Norðurmjólk nýti sér nafn KEA á sínar framleiðsluvörur - sbr. KEA-skyr, KEA-hangikjöt, KEA-hamborgarhyrggur o.s.frv. „Það er vissulega rétt að þetta auðveldar ekki fólk að átta sig á því að KEA er ekki lengur í framleiðslu. Ég get nefnt í þessu sambandi til gamans að hingað hringdi maður í vetur og spurðist fyrir um verð á undanrennufti. Ég sagði honum að nú hefði KEA ekkert með undanrennuft að gera, upplýsingar um það væri hægt að fá hjá sjálfstæðu fyrirtæki sem hétu Norðurmjólk og stæði fyrir rekstri mjólkursamlags á Akureyri. Maðurinn sætti sig ekki allveg við þetta svar og spurði áfram hvort undanrennuftið væri ekki ennþá í sömu umbúðum. Ég svaraði því til að því miður vissi ég bara ekkert um undanrennuft!“

En varðandi það að þessi fyrirtæki noti KEA-nafnið, þá höfum við talið að það væri fyrst og fremst jákvætt að tengja það vörum sem eru framleiddar hér fyrir norðan og standa fyrir heilbrigði og gæði og eru vel þekktar um land allt.“

MT-bílar í Ólafsfirði:

Vaxandi umsvif í slökkvi- og sjúkrabifreiðum

Fyrirtækið MT-bílar í Ólafsfirði, sem hefur fyrst og fremst sérhæft sig í smíði yfirbygginga á slökkvi- og sjúkrabifreiðar, er eitt þeirra vaxtarfyrirtækja sem KEA svf. hefur lagt fjármuni í, en félagið á 16,5% hlutafjár í MT-bílum.

Árið 1998 stofnaði Sigurjón Magnússon MT-bíla og hóf þá þróunarvinnu sem hefur nú skilað sér í umtalsverðri atvinnusköpun í Ólafsfirði. Sigurjón, sem nú er einn aðaleigenda MT-bíla og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að aðkoma KEA að MT-bílum árið 2001 hafi verið gríðarlega mikilvæg, enda hafi fyrirtækið þá verið í kostnaðarsamri nýsköpunar- og þróunarvinnu og þurft á stuðningi fjárfsterkra aðila að halda. „Það er ástæða til að þakka þá framsýni og djörfung sem fólst í því að KEA og fleiri gerðust hluthafar í MT-bílum. Það er sérstaklega ánægjulegt að fá þennan stuðning frá svo öflugum aðila í heimabyggð, sem kys að styðja við atvinnuuppbyggingu á svæðinu með þessum hætti. Uppbygging nýsköpunarfyrirtækis hefst ekki nema aðilar á svæðinu vinni saman að hlutunum,“ segir Sigurjón Magnússon.

Sigurjón orðar það svo að MT-bílar séu

nú komnir af nýsköpunarstiginu yfir í það að vera framleiðslufyrirtæki á þessu sviði. Hann segir að fyrirtækið hafi aflað sér mikillar þekkingar og reynslu í framleiðslu yfirbygginga, sem aftur skili sér í aukinni framleiðni.

Aldrei í sögu MT-bíla hefur verið jafn mikið að gera og einmitt núna og starfsmenn hafa að sama skapi aldrei verið fleiri. - eða ellefu talsins. Fyrirtækið flutti inn í mun rýmra húsnæði á síðasta ári, 2500 fermetra húsnæði samanborið við 500 fermetra þar sem fyrirtækið var áður. „Það er alveg ljóst að með þessu nýja húsnæði skapast fyrirtækinu ýmsir möguleikar til framsóknar. Sannast sagna er með ólíkindum að við skyldum geta athafnað okkur í því þrönga húsnæði þar sem við vorum áður,“ segir Sigurjón.

Þessar vikurnar er unnið af krafti við smíði sjúkrabifreiða fyrir Rauða kross Íslands, en fyrirtækið samdi um smíði á sex sjúkrabifreiðum. Nú þegar er búið að afhenda Rauða krossinum nokkrar þeirra bifreiða og verið er að ljúka smíði þeirra síðustu. Þá eru einnig tvær slökkvibifreiðar í smíðum, MT-2000 (minni gerð) fyrir Þingeyjarsveit, sem verður afhent bráð-

lega, og hin er MT-4000 (stærri gerð) fyrir Akureyrarbæ. Þá er unnið að ýmsum öðrum smærri verkefnum.

Sigurjón segir að notendur bæði slökkvi- og sjúkrabifreiða frá MT-bílum gefi þeim góða einkunn og meðmæli, sem sé vissulega besta auglýsingin fyrir fyrirtækið. Hann segir að áhersla hafi verið lögð á vinnuvistfræðilega hönnun bifreiðanna í samráði við fagfólk - slökkviliðsmenn, lækna og sjúkraflutningamenn - og það hafi ótvírætt skilað tilætluðum árangri, við hönnun og smíði bæði sjúkra- og slökkvibíla.

Jarðböðin við Mývatn:

Tilboð til félagsmanna KEA

Í nóvember sendi KEA til félagsmanna afsláttarmiða í Jarðböðin við Mývatn - svokallað „Tveir fyrir einn“ tilboð. Vert er að ítreka að þetta tilboð er í fullu gildi út apríl nk. og er ástæða til að hvetja félagsmenn að nýta sér það.

KEA hefur með myndarlegum hætti komið að Baðfélagi Mývatnssveitar, sem stóð fyrir byggingu Jarðbaðanna. Félagið hefur lagt Baðfélaginu til fimmtán milljónir króna og á þar 16% hlut.

Ekki þarf að hafa mörg orð um það að Jarðböðin fengu einkar góðar viðtökur sl. sumar og sóttu um þrjátíu þúsund manns þau heim. Í vetur er unnið að lokafrágangi innanhúss og utan og þá verður bætt við búningsklefum til þess að anna betur toppunum í aðsókn yfir sumarmánuðina.



Núna eru MT-bílar m.a. að ljúka smíði á sex sjúkrabifreiðum fyrir Rauða kross Íslands.

Fjórir félagsmenn dattu í lukkupottinn

Í bæklingi frá KEA, sem dreift var á félagssvæðinu í fyrra, var fólk hvatt til þess að gerast félagar í KEA og jafnframt var boðað að nöfn þeirra sem gerðust þá félagar færu í happdrættispott.

Nú hefur verið dregið úr þessum potti. Annars vegar voru tvö nöfn nýrra félagsmanna dregin út og hins vegar tvö nöfn eldri félagsmanna.

Nýir félagsmenn sem dattu í lukkupottinn eru Sveinn Hlynur Tómasson, Túngötu

27 á Grenivík, og Gréta Guðmundsdóttir, Melateigi 21 á Akureyri.

Eldri félagsmenn sem voru dregnir út eru Birgir Aðalsteinsson, Furulundi 2e á Akureyri, og Agnes Vaka Steindórsdóttir, Ægisgötu 32 í Ólafsfirði.

Hver þessara nýju og eldri félagsmanna í KEA hlýtur að launum málsverð fyrir tvo á veitingastaðnum Friðriki V á Akureyri.



Jarðböðin við Mývatn fengu glimrandi góð viðbrögð fyrsta árið sem þar var opið og sóttu um 30 þúsund gestir þau heim.

Gróðrarstöðin í Kjarna:

Aukning í plöntuuppeldi

Á síðasta ári var rekstur annars vegar Skógræktarfélags Eyfirðinga og hins vegar Gróðrarstöðvarinnar í Kjarna skilinn að og í framhaldinu var myndað nýtt félag, Gróðrarstöðin í Kjarna ehf., sem til að byrja með var til helminga í eigu KEA og Skógræktarfélags Eyfirðinga. Hlutfé var 30 milljónir króna og hlutur KEA því 15 milljónir króna.

Jón Arnarson, framkvæmdastjóri Gróðrarstöðvarinnar í Kjarna, segir að fleiri smærri hluthafar hafi bæst í hópinn að undanfögnu og hlutur KEA og Skógræktarfélagsins hafi því eilítið minnkað hlutfallslega.

Starfsemi Gróðrarstöðvarinnar í Kjarna snýr að plöntuuppeldi og sölu á jólatrjám. Skógræktarfélagið annast hins vegar rekst-

ur útivistarsvæðisins í Kjarnaskógi o.fl.

Jón segir að í ár verði fyrirsjáanleg aukning hjá fyrirtækinu í framleiðslu skógarplantna. Til viðbótar við plöntuuppeldi fyrir Norðurlandsskóga hafi félagið á þessu ári tekið að sér verkefni fyrir Héraðsskóga og Austurlandsskóga.

Stór áform Flugsafnsins á Akureyri

„Við erum að vinna að fjármögnun á þessu verkefni og ef hún gengur upp horfum við til þess að geta hafið framkvæmdir næsta sumar,“ segir Svanbjörn Sigurðsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjálfseignarstofnuninarinnar Flugsafnsins á Akureyri, sem er með í bígerð að stækka safnið verulega, en til þess þarf verulega aukið húsnæði sem búið er að hanna. Menningar- og viðurkenningasjóður KEA lagði þessu verkefni til eina milljón króna á síðasta ári, en þetta var annar tveggja af hæstu styrkjum sjóðsins á árinu 2004.

Ætlunin er að byggja nýtt 2.200 fermetra safnhús, sem myndi koma vestan og sunnan við núverandi húsnæði Flugsafnsins á flugvallarsvæðinu á Akureyri. Í það heila er hér um að ræða tugmilljóna króna verkefni, sem stefnan er að fjármagna með sjálfsaflafé. Hugmyndin er að bæði núverandi húsnæði, sem er fyrir löngu orðið alltof lítið fyrir safnið, og nýja húsið hýsi starfsemi safnsins, en þar er flugsögu Íslands gerð skil á fjölbreyttan hátt - m.a. er þar að finna margar sögufrægar flugvélar.



Stefnt er að því að stækka verulega rými fyrir Flugsafnið á Akureyri, í nýbyggingu sem kæmi vestan og sunnan við núverandi aðsetur Flugsafnsins á flugvallarsvæðinu á Akureyri.



Styrkti byggingu nýs húss FFA við Drekgil

Ferðafélag Akureyrar hefur á undanfögnu mánuðum staðið fyrir byggingu nýs húss við Drekgil. Um er að ræða 94 fermetra hús að grunnfleti, þar sem um 40 manns geta gisti í einu. Síðastliðið sumar tókst að koma húsinu undir þak og segir Ingvar Teitsson, formaður Ferðafélags Ak-

ureyrar, að það verði tilbúið til notkunar á komandi sumri. Menningar- og viðurkenningasjóður KEA styrkti félagið um eina milljón króna á síðasta ári til byggingar hússins, en hún hefur verið fjármögnuð með styrkjum og öðru sjálfsaflafé. Fjöldi fólks hefur komið að byggingu hússins og boðið fram ómælda sjálfboðavinnu.

Ingvar Teitsson segir að á undanfögnu árum hafi ásókn í gistingu við Drekgil aukist jafnt og þétt og því sé hið nýja hús við Drekgil kærkomin viðbót við gamla skála FFA, sem gengur undir nafninu Dreki, en það hús var byggt árið 1968 og rúmar 20 manns í gistingu. Árið 2001 byggði Ferðafélag Akureyrar vandað snyrtihús við Drekgil með sex salernum og tveimur gaskyntum sturtum og punkturinn yfir i-ið er þetta nýja hús, sem er allt hið vandaðasta. Á neðri hæð hússins er rúmgóð borðstofa með eldunaraðstöðu og einnig eru þar tvö fimm manna herbergi og forstofa. Á efri hæðinni er tvískipt svefnpláss, samtals fyrir þrjátíu manns.



Með tilkomu hins nýja húss við Drekgil hefur aðstaða til þess að taka á móti ferðamannahópum breyst mjög til batnaðar. Á þessari mynd, sem var tekin í lok ágúst sl. sumar, er snyrtihúsið, sem var byggt árið 2001, lengst til vinstri, þá kemur nýja húsið og loks gamla Dreki.

Frábært að fá þennan styrk

Rakel Rós Snæbjörnsdóttir á Kárhóli í Reykjadal, frjálsíþróttakona úr HSP, fékk 250 þúsund króna styrk úr Menningar- og viðurkenningasjóði KEA í desember sl., sem hún segir að muni auðvelda henni mjög að stunda sína íþrótt af kappi. „Það var alveg frábært að fá þennan styrk, hann auðveldar mér mjög að sækja mót í sumar,“ segir Rakel Rós, en hún er í hópi efnilegustu frjálsíþróttakrakka á þessum aldri á landinu.

Rakel Rós er á fjórtánda ári og segist

hafa stundað frjálsar íþróttir síðan hún var sex ára gömul. Aðalgreinar hennar eru hástökk, langstökk og grindahlaup. „Þetta er alveg rosalega gaman,“ segir hún og hlakkar til til allra æfinga, en yfir vetrarmánuðina æfir hún að jafnaði þrisvar í viku á Laugum undir stjórn Jóns Fr. Benónýssonar.

Í vetur eru nokkur mót á dagskránni hjá Rakel Rós, en segja má að í sumar séu flestar helgar fráteknar fyrir frjálsíþróttamót. Hæst ber Unglingalandsmót UMFÍ og

þá segir Rakel Rós stefnt að því að fara á vegum Frjálsíþróttasambandsins til Gautaborgar í Svíþjóð. Drjúgur hluti af kostnaði við æfingar og keppni fellur á hana sjálfa og því segir hún ómetanlegt að fá þennan fjárhagslega stuðning frá KEA.



Fullt hefur verið út úr dyrum á KEA-deginum á Glerártorgi undanfarin tvö ár. Þessi mynd var tekin þar í fyrra.

Menningarhátíð á Glerártorgi 30. apríl

Kaupfélag Eyfirðinga svf. býður til menningarhátíðar á Glerártorgi laugardaginn 30. apríl nk., en slík hátíð hefur verið haldin undanfarin tvö ár á þessum stað á laugardagseftirmiðdegi og hefur verið sérlega fjölsótt. Fjölbreytnin hefur verið höfð að leiðarljósi og er leitast við að dagskráratriði höfði til fólks á öllum aldri. Á því verður engin breyting í ár.

Dagskrá KEA-dagsins á Glerártorgi 30. apríl verður kynnt síðar.



Fjórir Þingeyingar sem tóku á móti styrkjum úr Menningar- og viðurkenningasjóði KEA í desember sl. Frá vinstri: Rakel Rós Snæbjörnsdóttir, Unnsteinn Ingason, talsmaður Hins þingeyska fornleifafélags, sem hlaut styrk til að skrá og kortleggja Þingey, Þorsteinn Ingvarsson, frjálsíþróttamaður frá Halldórsstöðum, sem er í hópi þeirra bestu á landinu í sínum aldursflokki, og loks Aðalgeir Egilsson, sem ásamt konu sinni, Elísabetu Bjarnadóttur, rekur metnaðarfullt minjasafn á Mánárbakka á Tjörnesi.

Ómetanlegur stuðningur

Árlega styrkir Menningar- og viðurkenningasjóður KEA unga afreksmenn á sviði mennta, lista eða íþróttu og á síðasta ári úthlutaði sjóðurinn fjölmörgum slíkum styrkjum til ungs og efnilegs fólks á félagssvæðinu, yngri en 25 ára, sem hefur látið að sér kveða á einn eða annan hátt.

Einn þeirra sem hlaut 200 þúsund króna styrk í apríl á síðasta ári er Arnór Atlason, landsliðsmaður í handknattleik. „Þessi stuðningur KEA er okkur sem stunda íþróttir alveg ómetanlegur og mér finnst þetta framtak félagsins alveg frábært. Ég kann mjög vel að meta að fá slíkan stuðning úr mínum heimabæ,“ segir Arnór og nefnir að oft og tíðum þurfi ung íþróttafólk að standa meira og minna straum af kostnaði við keppnisferðir erlendis og upphald hér heima meðan á æfingum stendur. Lítil sem enginn tími gefist til þess yfir sumarmánuðina að afla tekna og því séu styrkir eins og frá KEA alveg ómetanlegir.



Arnór Atlason er hér í hópi sjö ungra afreksmanna sem hlutu 200 þúsund króna styrki hver frá KEA í apríl á síðasta ári. Hinir eru Árni Björn Þórarinnsson, handboltamaður, Ásgeir Alexandersson, Finnur Dellsén, Sigurður Ægir Jónsson og Haukur Sigurðarson, sem allir hlutu styrki vegna þátttöku á Ólympíuleikunum í eðlisfræði, og Halldór B. Halldórsson, skákmaður.